



**IÐNÞING 5. MARS 2009**

**RÆÐA HELGA MAGNÚSSONAR FORMANNS SAMTAKA IÐNAÐARINS**

Ráðherra, alþingismenn, aðrir góðir gestir!

Samtök iðnaðarins kynna hér í dag yfirgripsmikla skýrslu um vaxtartækifæri og verðmætasköpun í íslensku þjóðfélagi.

Stundum hefur verið deilt um hagvöxtinn. Deilt um það hvort athygli okkar hafi beinst um of að honum. Deilt um það hvort við höfum blindast af efnishyggju og hagvaxtarþrá á kostnað annarra mikilvægra gilda.

Nú verður varla deilt um það að hyggist Íslendingar hefja ferð sína upp úr öldudalnum, þá verður það ekki gert án öflugrar verðmætasköpunar í atvinnulífinu. Við vinnum ekki til baka töpuð lífskjör, fyrra atvinnustig og laskað atvinnulíf nema með því að nýta ÖLL þau tækifæri sem völ er á í íslensku atvinnulífi. Við höfum ekki lengur efni á að láta nein skynsamleg og raunhæf tækifæri fram hjá okkur fara. Við höfum ekki efni á stjórn málaöflum eða stjórn sýslustofnunum sem tefja framvindu á sviði hagvaxtarskapandi atvinnuuppbyggingar. Við höfum ekki efni á neinum stórum stoppum. Við höfum einungis efni á kraftmikilli og markvissri uppbyggingu. T.d. iðnaðarstefnu og uppbyggingu í anda þess sem Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hefur beitt sér fyrir af krafti. Ég nefni það sérstaklega því okkur er tamt að gagnrýna stjórn málamenn og stjórnvöld fyrir áhugaleysi og seinagang. En til að gæta sanngirni vil ég segja að það á ekki við um iðnaðarráðherra. Hann boðar metnaðarfulla iðnaðarstefnu og ég flyt honum þakkir Samtaka iðnaðarins fyrir góð verk og eljusemi.

Ólafur Ísleifsson lektor kynnir hér í dag efni skýrslu okkar um vaxtartækifæri og verðmætasköpun á Íslandi næstu árin. Hann hefur farið fyrir hópi á vegum Samtaka iðnaðarins sem hefur unnið þessa vönduðu skýrslu. Ég vík ekki að einstökum þáttum hennar en læt Ólafi það eftir.

**GAMLA ÍSLAND**

Ég tek undir með þeim sem hafa að undanfögnu bent á það að viðfangsefni okkar sé EKKI að skapa hið NÝJA ÍSLAND í kjölfar þeirra atburða sem hafa orðið hér á landi frá því sl. haust. Verkefni okkar er fremur að finna GAMLA ÍSLAND og endurreisa þau gildi sem höfðu reynst okkur mæta vel um langan tíma og skapa nýtt á þeim grunni.

Íslendingar hafa orðið fyrir áföllum, sjálfsmýndin er sködduð. Við þurfum að horfast í augu við það og laga það sem úrskaiðis hefur farið. Það er engin ástæða til uppgjafar. Það er engin ástæða til sjálfsvorkunnar.

Við þurfum að finna hvar við stöndum og hvert við stefnum.



Sjálfsupphafning þjóðarinnar kom okkur í koll. Sjálfsupphafning er kjánaleg. Sjálfsásökun er hættuleg. Við skulum varast hana.

Íslendingar eru að gera upp við tímabil þar sem sitthvað fór úr böndunum. Mikilvægt er að það uppgjör fari fram og ég fæ ekki betur séð en þau mál hafi verið sett í viðeigandi farveg og í hendurnar á réttum yfirvöldum – og þá er ekkert að vanbúnaði að halda áfram og hefja uppbygginguna. Við skulum ekki bíða eftir uppgjörinu. Það kemur. Ef við bíðum og aðhöfumst ekkert, þá verður enn erfiðara að komast á beinu brautina aftur. Við þurfum strax að hefjast handa við enduruppbyggingu atvinnulífsins og þjóðfélagsins alls.

Allt of margir vilja festa sig í fortíðarvanda án þess að líta fram á veginn og sjá fátt annað en það viðfangsefni að finna sökudólga til að refsa. Þeir gera þjóðinni ekkert gagn. Hefndarþorsti mun ekki leiða til farsældar. Þeir sem kunna að hafa gerst brotlegir munu svara fyrir það á réttum stöðum. Stjórnvöld hafa komið upp farvegi og embættum sem munu sinna þeim viðfangsefnum.

Verkefni okkar er að horfa fram á veginn og byggja upp. En til þess að unnt sé að fóta sig þarf að hafa réttar upplýsingar. Það gengur t.d. ekki að menn geti haldið að þjóðinni röngum upplýsingum um skuldastöðu ríkissjóðs að því er virðist gagnert til að brjóta fólk niður og draga úr baráttuþreki.

Ég nefni stöðugt tal stjórnámálanna og fjölmiðla um 2.000 til 3.000 milljarða skuldir ríkissjóðs sem haldið hefur verið ítrekað fram í umræðunni. Fólk hefur trúað þessu og hreinlega óttast að ríkissjóður væri gjaldþrota og að þjóðin kæmist aldrei upp úr skuldafeninu. Það er sem betur fer rangt og það er einnig þjóðhættulegt og beinlínis ljótt að draga kjarkinn úr landsmönnum með þessum hætti. Það má alveg spyrja hvaða hagsmunum slíkur málf lutningur þjónar.

## **SKULDIR RÍKISINS**

Það var ekki fyrr en prófessor Tryggvi Þór Herbertsson kom fram í sjónvarpi þann 16. febrúar sl. að tekið var af skarið um það hverjar skuldir ríkisins eru að öllum líkindum. Hann fór í gegnum skuldastöðu ríkissjóðs lið fyrir lið og gerði grein fyrir forsendum sem hann lagði til grundvallar og komst að þeirri niðurstöðu að nettóskuldir ríkissjóðs væru 465 milljarðar króna eftir að tekið hefur verið tillit til fjárlagahalla alls ársins 2009 upp á 150 milljarða króna. Hér er um að ræða um 33% af áætlaðri landsframleiðslu ársins í ár sem prófessorinn sagði að væri allmikið en alls ekkert óviðráðanlegt. Þessum útreikningum hefur ekki verið mótmælt þó einhverjir hafi sagt að þeir séu e.t.v. aðeins í bjartsýnni kantinum. Útreikningar Tryggva Þórs eru þó í fullu samræmi við það sem fram kom í viðtali Fréttablaðsins þann 7. febrúar sl. við Þórhall Arason, skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Þar komst hann að svipaðri niðurstöðu og Tryggvi Þór varðandi nettó skuldir ríkisins.

En þá spyr ég: Hvaða tilgangi þjónar það að halda því fram að ríkissjóður skuldi 2.000 til 3.000 milljarða og hafi enga möguleika á að greiða skuldinar til baka?



Ég geri ekki lítið úr þeim mikla vanda sem við er að fást. En ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar að svarta ástandið enn frekar og draga með því kjarkinn úr landsmönnum. Við þurfum á öðru að halda. Við þurfum fyrst og fremst á staðreyndum að halda en ekki órökstuddum getgátum.

Til þess að geta hafið markvisst endurreisnarstarf, þarf að greina vandann og greina hann rétt.

## ÁHRIFAÐILAR TAKI HÖNDUM SAMAN

Ef við eigum að geta vænst árangurs við endurreisn þjóðfélagsins þurfa áhrifaðilar að taka höndum saman um vönduð vinnubrögð og yfirvegun í umræðu og meðferð staðreynda. Þeir þurfa einnig að sýna það í verki að þeir vilji taka þátt í að byggja samfélagið upp að nýju á grundvelli þeirra gilda sem reyndust okkur vel í GAMLA ÍSLANDI. Niðurrif gengur ekki lengur, eigi árangur að nást:

1. Einhverjir hafa raunar gengið svo langt að láta sér til hugar koma að stjórnámálamegn okkar settu þjóðarhag framur flokkshagsmunum, slíðruðu sverðin tímabundið og tækju höndum saman um að leysa brýnustu vandamál þjóðarinnar. Það er reyndar ekki raunhæft að gera sér vonir um það fyrr en í fyrsta lagi eftir kosningar.
2. Trúverðugleika verður að endurreisa í stjórnkerfinu.
3. Aðilar vinnuarkaðarins verða að sýna ábyrgð – nú eins og jafnan áður.
4. Það er kominn tími til að fjölmiðlar fari að horfa út úr myrkrinu. Það vekur furðu mína og vonbrigði hve mikinn áhuga þeir hafa sýnt neikvæðum fréttum – og helst engu öðru en neikvæðum fréttum. Þeir hafa margir hverjir gengið mjög langt í að túlka fréttir og atburði á enn verri veg en ástæða hefur verið til. Þeir hafa því miður misst nauðsynlega raunveruleikatengingu og gengið fram af minni ábyrgð en vonast mátti til. Þeir hafa að einhverju leyti tapað sér í reiði, vonbrigðum og örvinglan á köflum. Stöðugur frétttaflutningur af uppþotum, mótmælum og skemmdarverkum hefur verið áberandi og beinlínis kynt undir ólgu. Frétttaflutningur af atvinnulífínu er meira og minna allur neikvæður. Þegar eitthvað gerist jákvætt, vekur það takmarkaða athygli en fréttir af gjaldþrotum og hrakspám eru í stöðugum forgrunni. Ekki svo að skilja að það eigi að þegja um vondar fréttir. Öðru nær en það þarf meira jafnvægi. Nú er komið að fjölmiðlunum að staldra við og meta það hvort þeir ætla að halda áfram á sömu braut eða taka þátt í endurreisn með málefnalegri umfjöllun út frá þjóðarhag.
5. Þá vil ég nefna fræðimenn og sérfræðinga – ýmist raunverulega eða sjálfskipaða. Margir þessara manna hafa komið fram af fagmennsku og yfirvegun og auðveldað fólki að skilja flókin viðfangsefni. Aðrir hafa ítrekað komið fram og viðhaft stóryrði og sýnt ábyrgðarleysi. Ef um er að ræða menn sem gegna virðulegum stöðum fræðimanna – sem ætlast er til að tekið sé mark á – þá er það mjög alvarlegt mál. Ég ætla að láta nægja að nefna eitt dæmi sem olli mér vonbrigðum og hneykslan þó mörg önnur dæmi komi því miður upp í hugann: Mánudaginn 13. október birtist fimm dálka frétt í Morgunblaðinu þar sem haft var orðrétt eftir Þórólfi Matthíassyni



prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands að ástandið á Íslandi væri verra en ÞJÓÐARGJALÐPROT. Hann útskýrði að þjóðargjaldþrot væri ekki til sem efnahagslegt hugtak og því ekki hægt að nota slíkt orð um yfirvofandi ástand á Íslandi. Ríkissjóður gæti ekki hlaupið frá skuldbindingum sínum. Hann lýsti hrikalegri skuldabyrði og sagði síðan.....: „Sem þjóð geta Íslendingar ekki lýst sig gjaldþrota og leyst sig undan þessu. Og að því leytinu er ástandið verra en „þjóðargjaldþrot““. Hvað gengur þessum prófessor eiginlega til? Með gífuryrðum hræðir hann fólk og gerir erfiða stöðu miklum mun dekkri en hún þó er. Er til eitthvað verra efnahagslegt ástand en gjaldþrot? Þórólfur Matthíasson prófessor við háskólann talaði um að ástandið væri verra en þjóðargjaldþrot! Við þurfum ekki á svona tali að halda við endurreisn Íslands! Við verðum að ætlast til þess að þeir sem gegna virðulegum stöðum prófessora við Háskóla Íslands geri ríkar kröfur til sjálfra sín um vönduð vinnubrögð – að þeir gæti að orðum sínum og yfirlýsingum.

Góðir fundarmenn!

Það þarf að verða hugarfarsbreyting á Íslandi til þess að okkur miði í rétta átt. Það gengur ekki lengur að hér sé háð óopinber keppni fjölmiðla, álitsgjafa og sérfræðinga í niðurrifi og úrtölum. Bætum ekki kreppu hugarfarsins við þann vanda sem við er að glíma - nóg er nú samt.

Við erum öll á sama báti og við þurfum að standa saman um að þoka málum í rétta átt.

### **BRÁST HAGFRÆÐIN?**

Okkur hefur orðið starsýnt á þau áföll sem hafa dunið yfir á Íslandi. Gleymum því ekki að öll heimsbyggðin glímir við dýpri kreppu en sést hefur í mannsaldur.

Ég hef velt því fyrir mér hvers vegna hagfræðin sem vísindagrein réði ekki betur við þá atburði sem urðu í heimsbúskapnum.

Á undanförunum áratugum hefur hagfræðimenntun verið stórefld um allan heim. Fjöldi hagfræðimenntaðra hefur aukist gríðarlega, fleiri ljúka meistaranámi og miklu fleiri doktorsnámi en áður. Rannsóknarstofnanir við háskóla og í stjórnsýslu um allan heim hafa stóreflst en samt er eins og flestir komi af fjöllum þegar áföllin dynja yfir.

Er óeðlilegt að ætlast til þess að stóraukin hagfræðipækking skili þjóðum heims betri leiðsögn og meiri upplýsingum til notkunar við stjórnun efnahagsmála í heiminum en verið hefur?

Mér finnst eðlilegt að ætlast til þess. Hafa ekki orðið stórstígar framfarir í læknávisindum á síðustu áratugum eða á sviði verkfræði- og raunvísinda? Er það þjóðandi að hagfræðin komi ekki að nægu gagni þegar virkilega reynir á við erfiðustu aðstæður sem upp hafa komið í efnahagsmálum heimsins í áratugi?

Menn hafa velt því fyrir sér hvað ýtti efnahagskreppu heimsins af stað. Margir hallast að því að rætur alþjóðavandans liggja vestur í Bandaríkjunum. Bent er á að fyrir um áratug ákvað



Clintonstjórnin að slaka á kröfum um tryggingar og veð fyrir lánum þegar bannað var að mismuna minnihlutahópum við lánveitingar og var þá mati á greiðslugetu vikið til hliðar. Eignasöfn bankanna fylltust af undirmáslánum og bankar hættu smám saman að treysta hver öðrum. Þá fóru sérfræðingar að útbúa skuldavafninga og pakka lélegum lánum inn í flóknar glansumbúðir að því er virðist til að blekkja markaðinn. Menn áttuðu sig ekki á þessu og vandinn hlóðst upp og leiddi á endanum til sprenginga.

Brást hagfræðin? Er hún ófullkomin vísindagrein?

Sennilega er ekki sanngjarnt að halda því fram. Það er væntanlega of mikil einföldun. Skýringin er frekar sú að mannskepnan er ófullkomin. Mannskepnan stýrist um of af græðgi. Hagfræðipekkingu var vikið til hliðar vegna græðginnar. Í græðginni liggja rætur efnahagskreppu heimsins. Enron-hneykslið er trúlega ljótasta dæmið um þetta.

Upphaf vandans á Íslandi er að einhverju marki einfaldari: Lausafjárþurrð bankanna ýtti skriðunni af stað og bakhjarl bankanna var alls ekki nógu sterkur. Seðlabankinn sem átti að hafa eftirlit með bönkunum og veita þeim aðhald og vera bakhjarl þeirra reyndist ekki vera bakhjarl þegar til átti að taka. Íslenska bankakerfið hafði vaxið upp í himininn – stjórnlaust og hömlulaust og að því er virðist engum að kenna. Um allan hinn vestræna heim hafa ríkissjóðir og seðlabankar verið að koma bönkum þjóða sinna til aðstoðar og forða þeim frá hruni. Á Íslandi tókst það ekki því bankakerfinu hafði verið leyft að þenjast út langt umfram varnargetu ríkis og seðlabanka sem reyndust svo getulaus þegar á þurfti að halda.

Íslensk heimili og íslenskt atvinnulíf mega svo taka afleiðingunum!

Það er ósanngjarnt og það er óþolandi. En því verður ekki breytt. Þannig að við gerum best í því að horfast í augu við staðreyndir og hefja uppbygginguna í stað þess að steyta hnefann og öskra á torgum.

Ferð þjóðarinnar inn í framtíðina þolir enga bið og verður að hefjast UMSVIFALAUST.

## **FORGANGSMÁLIN**

Þegar spurt er um þau forgangsmál sem þurfa að fá skjóta úrlausn á Íslandi, eru svör okkar ekkert frumleg. Við höfum í allan vetur talað um sömu málin, sömu forgangsmálin og við í atvinnulífsforystunni munum halda áfram að tala um þau þar til viðunandi lausnir fást:

1. Skjót og mikil lækkun vaxta er óhjákvæmileg. 18% stýrivextir Seðlabankans kæfa atvinnulífið og heimilin í landinu.
2. Verðbólga þarf sem fyrst að komast í svipað horf og í nágrannalöndunum.
3. Afnám gjaldeyrishafta kemur strax í kjölfar samninga við erlenda kröfuhafa. Við verðum að semja við eigendur jöklabréfa og þá sem eiga kröfur á föllnu bankana. Mér skilst að þessi vinna sé í gangi og vonandi næst niðurstaða sem fyrst. Þá ætti íslenska krónan að styrkjast.
4. Endurreisn bankakerfisins er forgangsmál.



5. Þó ýmsir hafi ofreist sig í útrásartilburðum á Íslandi hin síðari ár, má útrás ekki verða skammaryrði, hvað þá útflutningur eða samskipti atvinnulífsins við útlönd. Það má ekki gleymast að fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur staðið fyrir farsælum fjárfestingum og starfsemi erlendis, bæði á undanförunum árum og einnig á síðustu áratugum.
6. Á næstu mánuðum og misserum munum við ekki komast hjá því að finna gjaldmiðlamálum Íslendinga nothæfan farveg. Tilraunin um íslensku krónuna er fullreynd. Hún mistókst. Það þýðir ekki lengur að berja hausnum við þann stein. Við verðum að greiða úr gjaldmiðlavanda þjóðarinnar af fullri ábyrgð. Það gerum við best með upptöku evru eftir inngöngu í Evrópusambandið. Um það mál hafa Samtök iðnaðarins sagt margt á undanförunum árum. Ég get orðað það á einfaldan hátt, líkt og frægur maður sagði forðum: Auk þess legg ég til að Íslendingar hefji strax aðildarviðræður við ESB þar sem heildarhagsmuna þjóðarinnar og allra atvinnugreina verði gætt.
7. Og síðast en ekki síst: Aldrei má gleymast að undirstaða þess velferðarþjóðfélags sem við gerum kröfu um að halda uppi hér á landi er verðmætasköpun í atvinnulífinu.

## **BÝSNAVETUR**

Matthías Johannessen skáld og fyrrum ritstjóri birti nýlega grein þar sem hann fjallaði um liðna mánuði og talaði um BÝSNAVETUR hinn síðari.

Sannarlega hefur þessi vetur verið býsnavetur og um flest skelfilegur fyrir íslenskt efnahagslíf og þjóðlíf. Ég vona sannarlega að ekkert okkar eigi eftir að lifa aðra eins atburði á Íslandi. Enda talar skáldið um BÝSNAVETUR hinn síðari, væntanlega síðari af tveimur. Í því felst von um að þeir verði ekki fleiri.

Við vorum hnuggin þjóð við upphaf skjálftans síðastliðið haust. En gerum okkur það ljóst að Íslendingar voru fyrstir þjóða niður. Verðum við ekki fyrstir þjóða upp? Áttum okkur á því að löndin allt í kringum okkur eru í miklum mótbyr. Einnig þeir sem gerðu lítið úr okkur í október í fyrra. Kreppan hefur hitt Breta og aðrar stórþjóðir vesturlanda fyrir. Íslendingar eru ekki lengur einir um að hafa lent í hremmingum.

Ég hef fulla trú á því að við verðum fyrst upp úr öldudalnum.

Ég hef fulla trú á að það sé styttra í batann en af er látið. En það þarf að verða hugarfarsbreyting hjá stórum hluta þjóðarinnar, ekki síst á meðal þeirra áhrifaaðila sem hafa stjórnað af neikvæðni.

Það er kominn tími til að horfa á jákvæðu þættina. Við eigum miklar auðlindir, við eigum vel menntaða þjóð, við eigum duglegt fólk og við eigum fólk sem er vant að takast á við vanda og leysa hann.

Við getum þetta ef við hættum að hlusta á úrtöluraddir og förum að byggja upp þjóðfélagið að nýju með VÖXT OG VERÐMÆTI að leiðarljósi. Takk fyrir.